



Bæjarstjórn Garðabæjar 15. (874)/2020

Boðað er til 15. (874). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 15. október 2020 kl. 17:00 Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Dagskrá:

1. 2010001F - Fundargerð bæjarráðs frá 6/10 '20.
1912201 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsingu varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna endurskoðunar stíga og reiðvega í upplandi.
2009538 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir útvistarsvæði í Urriðavatnsdölum.
2009434 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi frávik frá deiliskipulagi vegna útgáfu á byggingarleyfi hússins að Kinnargötu 20.
2009511 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi frávik frá deiliskipulagi vegna útgáfu á byggingarleyfi hússins að Holtsvegi 55.
2009610 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna lóðar fyrir dælustöð við Hraunsholtsbraut.
2009509 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi frávik frá deiliskipulagi við útgáfu á byggingarleyfi hússins að Hraungötu 25-29.
2006442 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna lóðar fyrir smádreifistöð.
2009649 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Heiðmerkur vegna legu útvistarstígs frá Vífilsstaðavatni að Grunnuvatnaskarði.
2008104 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi útgáfu á framkvæmdaleyfi fyrir lagningu útvistarstígs frá Bessastöðum að Norðurnesvegi.
2. 2010010F - Fundargerð bæjarráðs frá 13/10 '20.
3. 2009044F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 30/9 '20.
4. 2010003F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 5/10 '20.
5. 2010004F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 8/10 '20.
6. 2009041F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 1/10 '20.



7. 2009046F - Fundargerð ungmannaráðs frá 14/9 '20.
8. 2009049F - Fundargerð öldungaráðs frá 2/10 '20.
9. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 28/9 '20.
10. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH nr. 502-506 frá 21/9 - 1/10 '20.
11. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 25/9 '20.
12. 2001425 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 25/9 og 9/10 '20.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
14. (873). fundur 2020

Fimmtudaginn 1. október 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu við Garðatorg.

Fundinn sátu: Björg Fenger, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Valborg Ösp Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Björg Fenger, fyrsti varaforseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 17. september 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2009028F - Fundargerð bæjarráðs frá 22/9 '20.

Enginn tók til máls.

Fundargerðin sem er 17 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2009039F - Fundargerð bæjarráðs frá 29/9 '20.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2022).

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi viðauka nr. 7 við fjárhagsáætlun 2020 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 7.

Í fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 1.800 m.kr. Með viðauka nr. 1 sem samþykktur var í bæjarstjórn 04.06.2020 var samþykkt hækjun á lántöku að fjárhæð 375 mkr eða samtals lántökuheimild 2.175 mkr

Lagt er til að lántökuheimild ársins hækki um kr. 500 mkr og verði 2.675 mkr.

Fundargerðin sem er 15 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2009020F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 16/9 '20.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk, 2. tl., reglur um skammtímadvöl fyrir fatlað fólk. Almar upplýsti að öldungaráð mun koma saman á morgun en ráðið hefur ekki komið saman síðan í upphafi árs vegna aðstæðna í Covid.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og sagði frá því að í dag skrifaði Garðabær undir samstarfssamning um barnvænt sveitarfélag við UNICEF og félagsmálaráðuneytið. Áslaug Hulda hvatti til þess af því tilefni að fljótlega verði boðað til sameiginlegs fundar bæjarstjórnar og ungmenningaráðs.

Fundargerðin lögð fram.

4. 2009036F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 25/9 '20.

Björg Fenger ræddi 1. tl., forvarnarviku í Garðabæ, 2. tl., götuvaktina, 6. tl., skýrslu um verkefnið „Velsæld íbúa í Garðabæ“, 7. tl., úthlutun úr 19. júní sjóði. Þá ræddi Björg önnur mál, tilraunaopnun í félagsmiðstöðvum fyrir 16-18 ára og nýtingu hvatapeninga fyrir sama aldurshóp.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., götuvaktina og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Garðabæjarlistinn skorar á meirihlutann að sammælast um að ráðast í það verkefni strax að koma á ungmennahúsi fyrir ungmenni 16 ára og eldri. Öll teikn eru á lofti um mikilvægi þess og þörfin fer vaxandi í því árferði sem við erum að horfa fram á í samfélagini vegna Covid 19.“

Þá ræddi Sara Dögg 6. tl., skýrslu um verkefnið „Velsæld íbúa Garðabæjar“.

Almar Guðmundsson, ræddi 4. tl., umræður um íþróttastarf eldri borgara.

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og tók undir framkomna bókun. Þá ræddi Ingvar önnur mál, tilraunaopnun í félagsmiðstöðvum fyrir 16-18 ára.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., götuvaktina.

Valborg Ösp Á Warén, kvaddi sér hljóðs og tók undir framkomna bókun. Þá ræddi Valborg Ösp 2. tl., götuvaktina.

Fundargerðin lögð fram.

5. 2008027F - Fundargerð leikskólanefndar frá 23/9 '20.

Valborg Ösp Á Warén, ræddi 2. tl., áhrif Covid á starfsemi leikskólanna og 4. tl., forvarnarviku í Garðabæ.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2009029F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 24/9 '20.

Gunnar Valur Gíslason, kvaddi sér hljóðs og sagði frá samstarfi skólanefndar tónlistarskólans og menningar – safnanefndar og greindi frá sameiginlegu verkefni nefndanna um að stofna tónlistarklasa í Garðabæ.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2006007F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 8/6 '20.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., húsnaðismál Hönnunarsafns Íslands og sagði frá fundi fulltrúa Garðabæjar með menntamálaráðherra þar sem rætt var um húsnaðismál safnsins.

Fundargerðin lögð fram.

8. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 28/8 '20.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 3. tl., drög að fjárhagsáætlun 2021, 4. tl., stöðu varðandi uppkeyrslu móttöku- og flokkunarstöðvar og Gaja, 5. tl., markaðsþróun vegna sölu metans og ráðstöfun moltu og 7. tl. fyrirætlanir um umbætur á fyrirkomulagi innkaupa.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi málefni Sorpu bs.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi flokkun sorps og hvata í því sambandi. Þá ræddi Áslaug Hulda almennt um málefni Sorpu bs.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi málefni Sorpu bs.

Fundargerðin lögð fram.

9. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 4/9 '20.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., forsendur og fyrstu drög að fjárhagsáætlun Strætó bs., 3. tl. leiðakerfismál, 5. tl., akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og sátt sem gerð hefur verið í dómsmáli og 6. tl., kostnaðargreiningu rekstrar og fjárfestingargetu Strætó bs.

Fundargerðin lögð fram.

10. 2003480 - Fundargerð 24. eigendafundar Strætó bs. frá 7/9 '20.

Fundargerðin lögð fram.

11. 2003017 - Fundargerð 25. eigendafundar Sorpu bs. frá 7/9 '20.

Fundargerðin lögð fram.

12. 2009461 - Erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins varðandi mögulega breytingu á heilbrigðiseftirlitssvæðum, dags. 22.09.20.

Gunnar Einarsson, kvaddi sér hljóðs og lagði til að bæjarstjórn samþykki að taka jákvæða afstöðu til breytinga á heilbrigðiseftirlitssvæðum enda leiði það ekki til aukins kostnaðar fyrir Garðabæ.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að taka jákvætt í erindi um mögulega stækkan á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar enda leiði það ekki til aukins kostnaðar fyrir Garðabæ.

13. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 – Lántaka.

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um lántöku hjá Lánaþjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 500.000.000. Um er að ræða verðtryggt lán með 0,75% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 14 ára og án heimildar til uppgreiðslu.

"Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að taka lán hjá Lánaþjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 500.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánssamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem bæjarstjórnin hefur kynnt sér. Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að til tryggingar láininu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til viðbyggingar við grunnskóla á Álfanesi og byggingar fjölnota íþróttahúss sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánssamning við Lánaþjóð

sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða ofangreinda tillögu um lántöku að fjárhæð kr. 500.000 hjá Lánaþjóði sveitarfélaga.

14. 2009626 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um aðgerðaráætlun Garðabæjar í umhverfis- og loftslagsmálum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, gerði nánari grein fyrir fyrirspurn um aðgerðaráætlun Garðabæjar í umhverfis- og loftslagsmálum og óskaði eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi loftslagsstefnu og innkaupa- og úrgangsstefnu.

Jóna Sæmundsdóttir, tók til máls og sagði frá umfjöllun og vinnu í umhverfisnefnd varðandi undirbúning að loftlagsstefnu Garðabæjar og fleiri málum er varða umhverfismál.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að leggja fram minnisblað um stöðu mála varðandi aðgerðaráætlun Garðabæjar í umhverfis- og loftslagsmálum.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 1. október 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddir bæjarfulltrúa.

Gunnar Einarsson, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Valborg Ösp Á Warén, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar
39. (1947). fundur 2020**

Þriðjudaginn 6. október 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2010034 - Verkfærakista sveitarfélaga í loftlagsmálum.

Á fund bæjarráðs kom Eygerður Margrétardóttir, verkefnastjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Eygerður kynnti verkfærakistu sveitarfélaga í loftlagsmálum en henni er ætlað að styðja íslensk sveitarfélög til að vinna aðgerðarmiðaða stefnumótun í loftlagsmálum, fylgja henni eftir og vakta árangur.

Bæjarfulltrúarnir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Gunnar Valur Gíslason, Harpa Þorsteinsdóttir og Jóna Sæmundsdóttir sátu fund bæjarráðs undir dagskrárlíðum 1-7.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs undir dagskrárlíðum 1-7.

Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri og umhverfis og framkvæmda sat fund bæjarráðs undir þessum lið.

2. 2001444 - Covid19 - hættustig almannavarna.

Bæjarstjóri sagði frá fundi almannavarna sl. sunnudag en þar var upplýst um ákvörðun ríkislöggreglustjóra að lýsa yfir neyðarstigi almannavarna í samráði við sóttvarnarlækni. Hertar opinberar aðgerðir tóku gildi 5. október þar sem m.a. er miðað við 20 manna fjöldatakmörkun.

Neyðarstjórn Garðabæjar kom saman í gær og fór nánar yfir einstaka þætti er snúa að starfsemi bæjarins. Í reglum er settar hafa verið koma fram takmarkanir varðandi starfsemi sundlauga og leiðbeiningar varðandi starfsemi leik- og grunnskóla.

Á bæjarskrifstofunum verður tryggt að ekki fleiri en 20 starfsmenn verði í vinnu í hverju aðgreindu hólfni. Aðrir vinna að heiman. Á neyðarstigi almannavarna er meginreglan að allir fundir í bæjarstjórn, bæjarráði og nefndum verði með fjarfundarbúnaði.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og félagsmálastjóri fóru yfir stöðu mála á sínum sviðum.

3. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024).

Fjármálastjóri gerði grein fyrir innheimtu útsvars á tímabilinu janúar - september 2020 og vinnu við gerð útkomuspá. Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga má gera ráð fyrir hækkun útsvarsstofns um 1% og við áætlun ársins þarf að taka mið af samdrætti á árinu 2020. Stofn til álagningar fasteignaskatts liggur fyrir samkvæmt mati sem birt var í maí sl. og þá hafa borist fyrstu upplýsingar frá Jöfnunarsjóði um framlög á árinu 2021.

Fjármálastjóri sagði frá að þessa dagana eru að berast gögn frá forstöðumönnum um tillögur að áætlun einstakra stofnana og gera megi ráð fyrir að þau liggi öll fyrir í byrjun næstu viku. Stefnt er að því að fyrstu drög að heildaráætlun geti legið fyrir í lok þeirrar viku.

4. **1912313 - Yfirlit yfir endurskoðun á útgjaldajöfnunarframlögum 2020.**
Lagt fram yfirlit yfir endurskoðun útgjaldajöfnunarframlaga, dags. í sept. 2020.

5. **2010001 - Yfirlit yfir áætluð framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2021.**
Lögð fram tilkynning frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um áætluð framlög árið 2021.

6. **2010040 - Samkomulag um afkomumarkmið og efnahag sveitarfélaga fyrir 2021-2025.**
Bæjarstjóri kynnti nánar helstu þætti samkomulagsins.

7. **2006641 - Úttekt starfshóps sumarvinnu á aðgengi fyrir hreyfihamlaða á helstu stofnunum, leiksvæðum og strætóbiðstöðvum í Garðabæ.**
Lögð fram og vísað til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 og til kynningar í fjölskylduráði, íþróttá- og tómstundaráði og samráðshópi um málefni fatlaðs fólks.

Við samþykkt fjárhagsáætlunar skal gera drög að aðgerðaráætlun og forgangsröðun verkefna á grundvelli samþykktra fjárheimilda.

8. **2009285 - Krókamýri 46 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Margréti Ormslev Ásgeirs dóttur, kt. 101281-4269. leyfi til að byggja við núverandi hús að Krókamýri 46.

9. **1711297 - Suðurhraun 12a -Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Veritas Capital, kt. 530602-3380 leyfi fyrir innri breytingum núverandi húss að Suðurhrauni 12a.

10. **2004076 - Maríugata 26-28 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gerð ehf., kt. 530116-0180, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 16 íbúðum á lóðunum að Maríugötu 26-28.

11. **1912201 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsing varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna endurskoðunar stíga og reiðvega í upplandi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykka tillögu skipulagsnefndar um lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi er nær til upplands Garðabæjar, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.
Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnum, öðrum umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

12. **Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag fyrir útvistarsvæði í Urriðavatnsdöllum.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykka tillögu skipulagsnefndar um lýsing vegna deiliskipulags fyrir útvistarsvæðis í Urriðavatnsdöllum, sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.
Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnum, öðrum umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

13. 2009434 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi frávik frá deiliskipulagi vegna útgáfu á byggingarleyfi hússins að Kinnargötu 20.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að dyr bílgeymslu og aðalinngangs einbýlishússins að Kinnargötu 20 séu með þakskyggni og ekki inndregnar og þá er gert ráð fyrir að þakhalli verði 12° í stað 15° . Um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umsókn um geymslu utan byggingarreits er hafnað.

14. 2009511 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi frávik frá deiliskipulagi vegna útgáfu á byggingarleyfi hússins að Holtsvegi 55.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að fjórar íbúdir sem eru $90,5\text{ m}^2$ að stærð í fjölbýlishúsini að Holtsvegi 55 hafa ekki bílastæði í bílgeymslu. Um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

15. 2009182 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna lóðarinnar við Ljósakur 6.

Lögð fram.

16. 2009610 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna lóðar fyrir dælustöð við Hraunsholtsbraut.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) sem gerir ráð fyrir lóð fyrir dælustöð við Hraunsholtsbraut á móts við gatnamót Drafnaráss, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal lóðarhöfum að Furuási 2 og Eikarási 1.

17. 2009509 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi frávik frá deiliskipulagi við útgáfu á byggingarleyfi hússins að Hraungötu 25-29.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að bílgeymsla fjölbýlishúsanna við Hraungötu 25-29 víki lítilega frá byggingarreit. Um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

18. 2006442 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna lóðar fyrir smádreifistöð.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna staðsetningar smádreifistöðvar við Maltakur.

Tillagan var grenndarkynnt og var tillögunni mótmælt af íbúum við Maltakur 1.

19. 2009649 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Heiðmerkur vegna legu útvistarstígs frá Vífilsstaðavatni að Grunnuvatnaskarði.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Heiðmerkur sem gerir ráð fyrir breytingu á legu stígs frá Vífilsstaðavatni að Grunnavatnaskarði, sbr. 2. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal tillöguna Umhverfisstofnun, Landsneti og Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

20. 2008104 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi útgáfu á framkvæmdaleyfi fyrir lagningu útvistarstígs frá Bessastöðum að Norðurnesvegi.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að veita leyfi til framkvæmda samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lagningu útvistarstíg frá Bessastöðum að Norðurnesvegi . Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag sem gildir fyrir Bessastaði, upphaflega samþykkt 1999, sbr. auglýsingi í B-deild Stjórnartíðinda nr. 500/1999.

21. 2009650 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns, dags. 29.09.20.

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar þar sem kynnt eru áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns. Frestur til að gera athugasemdir við áformin eru til og með 4. desember 2020.

22. 2009557 - Erindi Félags heyrnalausra varðandi stuðning vegna kynningar á táknmáli í leikskólum, dags. 27.09.20.

Bæjarráð vísar erindinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.

23. 1911015 - Opnun tilboða í byggingarrétt lóðarinnar við Eskiás 10.

Eftirfarandi tilboð bárust í byggingarrétt lóðarinnar við Eskiás 10.

AB Group ehf.	kt. 640804-2030	kr. 88.000.000
Mannverk framkvæmdir ehf.	kt. 630614-0580	kr. 110.448.000
Sérverk ehf.	kt. 571091-1279	kr. 55.000.000
M3 Eignarhald ehf.	kt. 541019-0650	kr. 115.100.000
Húsvirki hf.	kt. 581281-0139	kr. 120.500.001
Mótás hf.	kt. 580489-1259	kr. 154.000.000
FS Glaðheimar	kt. 580615-0820	kr. 88.500.007
Mosóhöllin ehf.	kt. 470303-2470	kr. 106.000.000
RT tækjaleiga ehf.	kt. 410607-0890	kr. 149.000.000
Meistarasmíð ehf.	kt. 661011-0410	kr. 75.100.000
Motown ehf.	kt. 530308-0570	kr. 131.500.000
Fasteignafélagið Pluma ehf.	kt. 691110-1090	kr. 33.000.000
Fjölhús ehf.	kt. 561198-2259	kr. 24.300.000

Með vísan til greinar 3.3. í úthlutunar og útboðsskilmála skal hæstbjóðanda Mótás hf. tilkynnt um að félagið beri að skila gögnum um fjárhagsstöðu, fjármögnun lóðar og byggingarframkvæmda. Berist fullnægjandi gögn verður tilboðið lagt að nýju fyrir bæjarráð.

24. 2007149 - Tilboð í byggingarrétt einbýlishúsalóðar við Brúnás 12.

Lagt fram tilboð Hilmars Snæs Rúnarssonar og Berglindar Evu Gísladóttur að fjárhæð kr. 25.000.000 án gatnagerðargjalda í lóðina við Brúnás 12.

Bæjarráð samþykkir tilboðið með fyrirvara um staðfestingu á fjármögnun og undirritun úthlutunarsamnings í samræmi við söluskilmála.

Fleira ekki gert,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundargerðin verður send bæjarráðsfulltrúum og undirrituð með rafrænum undirskriftum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
40. (1948). fundur 2020

Priðjudaginn 13. október 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2009336 - Skýrslu um velsæld og velferð íbúa Garðabæjar.

Á fund bæjarráðs kom Kári Jónsson, íþrótta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi og gerði nánari grein fyrir skýrslu um velsæld og velferð íbúa Garðabæjar. Niðurstöður skýrslunnar verða notaðar til efla heilsu og velliðan Garðbæinga með mismunandi áherslum eftir aldurshópum. Skýrslan er grunnur að mótnun velsældarstefnu Garðabæjar.

Bæjarfulltrúarnir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir og Harpa Þorsteinsdóttir voru á fundi bæjarráðs undir dagskrárlíðum 1-3.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri var á fundi bæjarráðs undir dagskrárlíðum 1-3.

2. 2001444 - COVID-19 - Neyðarstig almannavarna.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundi almannavarna sem haldinn var sl. föstudag en þar var farið yfir reglur um hertar aðgerða um takmörkun á samkomum, skólahaldi o.fl. vegna farsóttar.

Neyðarstjórn Garðabæjar kom saman til fundar í gær og fór nánar yfir stöðuna í stofnum Garðabæjar og almennt áhrif farsóttarinnar á starfsemi bæjarins. Smit hafa komið upp í stofnum bæjarins og starfsmenn og nemendur farið í einangrun og sóttkví.

Bæjarstjóri upplýsti að boðað hefur verið til hvatningarfundar með forstöðumönnum á morgun en mikil álag er á forstöðumönnum stofnana bæjarins sem hafa staðið sig mjög vel við þessar erfður aðstæður.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og félagsmálastjóri fóru yfir stöðu mála á sínum sviðum.

3. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024).

Bæjarstjóri fór yfir helstu forsendur sem kynntar hafa verið varðandi tekjuáætlun og helstu útgjaldaliði.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir vinnu við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 (2021-2024) en stefnt er að því að fyrstu drög liggi fyrir í næstu viku.

Lagt fram uppfært minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlunar 2021-2024, dags. 8. október 2020.

4. 2010046 - Bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins varðandi framtíð fasteigna á Vífilsstöðum, dags. 24.09.20.
Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.

5. 2010116 - Bréf Urriðaholts varðandi umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnisflutninga, ódags.
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar og umhverfisnefndar.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundargerðin verður send bæjarráðsfulltrúum og undirrituð með rafrænum undirskriftum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar

9. fundur 2020

Miðvikudaginn 30. september 2020 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigþrúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirs dóttir aðalmaður, Árni Björn Kristjánsson varamaður, Guðrún Hrefna Sverrisdóttir félagsráðgjafi og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, Umsjónarfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2005212 - Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi sem fósturforeldri

Mál nr. 200212 lagt fram, beiðni um umsögn vegna umsóknar um að gerast fósturfjölskylda tveggja barna. Fjölskylduráð fjallaði um málið á grundvelli fyrirliggjandi gagna og umsagnar félagsráðgjafa og með vísan til þeirra gagna mælir fjölskylduráð með að viðkomandi verði veitt leyfi til að gerast fósturforeldrar. Nánar er fjallað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. 1808135 - Ættleiðing barns

Mál nr. 200212 lagt fram, beiðni um umsögn vegna umsóknar um ættleiðingu barns erlendis frá. Fjölskylduráð fjallaði um málið á grundvelli fyrirliggjandi gagna og umsagnar félagsráðgjafa og með vísan til þeirra gagna mælir fjölskylduráð með að viðkomandi verði veitt leyfi til að ættleiða barn. Nánar er fjallað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar 24. fundur 2020

Mánudaginn 5. október 2020 kl. 16:00 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Gunnar Valur Gíslason, formaður menningar- og safnanefndar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2010043 - Fjármál menningarmála haust 2020 og fjárhagsáætlun 2021

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri Garðabæjar, fór yfir forsendur fjárhagsáætlunar 2021. Fjármálastjóri fór einnig yfir fjárhagsstöðu málfloksins menningarmál í lok september 2020.

Gestir

Lúðvík Hjalti Jónsson - 16:00

2. 2008540 - Vinnuaðstaða í Króki veturinn 2020-2021

Tvær umsóknir um vinnuaðstöðu í Króki bárust í kjölfar auglýsingar.

Samþykkt að Bryndís Björgvinsdóttir þjóðfræðingur og rithófundur fái vinnuaðstöðu í Króki frá október til desember 2020 til ritstarfa og að Bjarney Ólafsdóttir ljósmyndari og rithófundur dvelji í Króki í apríl og maí 2021 við textaskrif og undirbúning ljósmyndasýningar.

3. 2008518 - Skóladagskrá, yfirferð.

2008518 - Skóladagskrá, yfirferð.

Nemendur í 5. - 7. bekk hafa nú sótt Hönnunarsafnið í leiðsögn og smiðju og er mikil ánægja meðal nemenda og kennara. Hlé verður gert á fyrirhuguðum heimsóknum skólahópa í október vegna samkomutakmarkana af völdum Covid-19 en sýningin 100% ull sem fræðslan hverfist um stendur til 15. nóvember nk.

Tveir tónleikar með Dúó Stemmu fóru fram þann 2. október í sal Tónlistarskólans. Leikskólanemendur úr öllum leikskólum Garðabæjar hafa skráð sig til leiks en nú verður tónleikum frestað þartil í nóv/desember og hefur komið til tals að tónlistarmenn flytji jóladagskrá í stað Krummasögu.

Gunnar Helgason rithófundur sem hitta átti nemendur í 8. og 9. bekk í október frestar dagskránni þartil í nóvember nk.

Af Hrekkjavökujazz í nóvember fyrir 1.-4. bekkinga verður vonandi sem og rafóperu þann 2. nóvember fyrir 10. bekkinga.

Menningarfulltrúi kom að undirbúningi á efni fyrir leikskólanema sem sýnt verður í öllum leikskólum í forvarnarvikunni en um rafrænt efni er að ræða.

4. 2010044 - Fjölskyldudagskrá haust 20

Sagt frá fyrirhugaðri dagskrá fyrir fjölskyldur sem freast sökum samkomubanns. Af dagskrá í nóvember og desember verður vonandi en gert er ráð fyrir dagskrá sem hæfir allri fjölskyldunni, er skapandi og skemmtileg. Aðventudagskrá 2020 færí fram utandyra á Garðatorgi í formi jólatrésskemmtunnar með jólasveinum og skemmtiatriðum; í formi skapandi smiðja í Hönnunarsafni og föndurs á Bókasafni; í Kirkjuhvoli þar sem jólatónleikar með leikrænu ívafi færí fram og þjóðlegri dagskrá í Króki með sögustund, föndri og veitingum í skemmu.

5. 2010045 - Tónlistarveisla í skammdeginu 2020

Fyrirhugað er að halda jazztónleika dagana 12.-15. nóvember þar sem m.a. yrðu tónleikar í Hönnunarsafni Íslands, í Kirkjuhvoli og Jónshúsi. Klassískir tónlistarmenn kæmu fram í Kirkjuhvoli t.d. bæjarlistamaður Bjarni Thor Kristinsson sem mundi flytja dagskrá og segja frá ferli sínum. Auk þess væri eðlilegt að stefna að einum tónleikum með hljóðfæraleikurum og einum með popptónlistarmönnum.

6. 2009306 - Tillaga að undirbúnungi íþróttahátiðar og menningarhátiðar í fjölnota íþróttahúsi í Vetrarmýri

Formaður skýrði frá samþykkt bæjarstjórnar þann 17. september sl. um að hafinn verði undirbúnungur að íþróttahátið og menningarhátið á vormánuðum 2022 í fjölnota íþróttahúsinu í Vetrarmýri. Íþrótta- og tómstundaráði og menningar- og safnanefnd er falið að hafa umsjón með undirbúnungi hátiðanna.

Vísað til áframhaldandi umfjöllunar á næsta fundi.

7. 2008671 - Önnur mál menningarmála

Tónlistarklasi í Garðabæ: Skýrt frá fyrstu skrefum í undirbúningsvinnu en formaður og menningarfulltrúi hittu formann skólanefndar TG og skólastjóra TG um málið þann 22. september s.l.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
23. fundur 2020

Fimmtudaginn 8. október 2020 kl. 16:30 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar Fjarfundur.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Erna Ingibjörg Pálssdóttir fulltrúi skólastjóra, Elín Jóhannsdóttir fulltrúi foreldra, Sigríður Guðrún Guðmundsdóttir varamaður kennara og Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar grunnskóla Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2010048 - Skólahjúkrunarfræðingar í grunnskólum Garðabæjar

Dagskrárið frestað þar til síðar á skólaárinu, þar sem fulltrúi heilsugæslunnar komst ekki á fundinn.

2. 2010049 - Menningarviðburðir í grunnskólum Garðabæjar 2020.

Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi Garðabæjar sagði fá menningarviðburðum sem nemendum í grunnskólum bæjarins verður boðið upp á, á skólaárinu. Skólanefndin lýsir ánægju sinni með metnaðarfulla dagskrá.

3. 2010050 - Fjárhagsáætlun 2021.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri, kynnti vinnuferla við gerð fjárhagsáætlunar, stöðu vinnunnar og næstu skref.

4. 2010067 - Starfsáætlanir grunnskóla Garðabæjar 2020-2021

Starfsáætlanir grunnskólanna lagðar fram og kynntar. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með vel unnar áætlanir. Rætt var að í grunnskólum eru áfallaáætlanir sem unnið er eftir þegar upp koma áföll. Fram kom að kirkjan vinnur mikilvægt starf með skólasamfélagitum þegar áföll koma upp sem er þakkarvert.

5. 2010052 - Kórónaveira-COVID 19

Farið yfir stöðuna í grunnskólum Garðabæjar síðustu daga og vikur og fyrirkomulag í skólunum vegna gildandi sóttvarnarreglna. Skólanefnd þakkar starfsfólki grunnskóla bæjarins fyrir fagmennsku og þrautseigju í störfum sínum.

6. 2010053 - Menntadagur í Garðabæ 2020

Rætt um fyrirhugaðan Menntadag Garðabæjar sem verður þann 23. október nk. Dagurinn verður rafrænn.

7. 2010054 - Þróunarsjóðir Garðabæjar

Sagt frá vinnu við heimsíðu þróunarverkefna.

8. 2010068 - Orðagull- styrkumsókn

Erindi sem ber yfirskriftina Orðagull kynnt. Erindinu er vísað til fræðslusviðs.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

10. fundur 2020

Fimmtudaginn 1. október 2020 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

Lagt fram minnisblað skipulagsráðgjafa ásamt ábendingum og umsögnum sem borist hafa. Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur hjá Landslagi fór yfir minnisblaðið. Tillögu vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

2. 1803108 - Norðurnes Álfaness, deiliskipulag

Lagt fram minnisblað skipulagsráðgjafa ásamt ábendingum og umsögnum sem borist hafa. Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur hjá Landslagi fór yfir minnisblaðið. Tillögu vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

3. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.

Skipulagsráðgjafar Batterísins, Landslags og Eflu kynntu greiningu á athugasemdum og umsögnum og viðruðu hugmyndir um möguleg viðbrögð. Lögð fram Húsakönnun Vífilstaða sem Batteríið ehef hefur unnið. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við húsakönnunina.

Tillögu vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

4. 1906192 - Hnoðraholt norður deiliskipulag

Skipulagsráðgjafar Batterísins, Landslags og Eflu kynntu greiningu á athugasemdum og umsögnum og viðruðu hugmyndir um möguleg viðbrögð.

Tillögu vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

5. 1910294 - Rjúpnadalur, dsk kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.

Skipulagsráðgjafar Batterísins, Landslags og Eflu kynntu greiningu á athugasemdum og umsögnum og viðruðu hugmyndir um möguleg viðbrögð.

Tillögu vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

6. 1910293 - Vetrarmýri, dsk blandaðrar byggðar.

Skipulagsráðgjafar Batterísins, Landslags og Eflu kynntu greiningu á athugasemdum og

umsögnum og viðruðu hugmyndir um möguleg viðbrögð.
Tillögu vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

7. **1912201 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 4. Stígakerfi í Upplandi**
Lögð fram verkefnislýsing aðalskipulagsbreytingar sem Alta ehf hefur unnið.
Skipulagsnefnd samþykkir framlagða lýsingu og vísar henni til tækni- og umhverfissviðs til meðferðar.
8. **2009650 - Áform um friðlýsingur Urriðakotshrauns**
Lagt fram. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd.
9. **2009538 - Útvistarsvæði í Urriðavatnsdölum - nýtt deiliskipulag**
Lögð fram verkefnislýsing deiliskipulagsgerðar sem Alta ehf hefur unnið.
Skipulagsnefnd samþykkir framlagða lýsingu og vísar henni til tækni- og umhverfissviðs til meðferðar.
10. **1405080 - Móar, endurskoðað deiliskipulag**
Sólveig Helga Jóhannsdóttir kynnti stöðu á mótun tillögu að deiliskipulagi fyrir Móa.
Vísað til áframhaldandi úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og tækni- og umhverfissviði.
11. **2009325 - Tunguás 8 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**
Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um tilfærslu byggingarreits að götu að norðanverðu en frá lóðarmörkum að sunnanverðu.
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna og að skipulagsstjóri vísi henni til grenndarkynningar sem óverulegri deiliskipulagsbreytingu þegar að fullnægjandi gögn hafa borist.
12. **2009610 - Lóð fyrir dælustöð neðan Hraunholtsbrautar. Breyting á deiliskipulagi Hraunholts**
Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hraunholts vestra (Ásahverfis) sem gerir ráð fyrir lóð fyrir dælistöð við Hraunholtsbraut á móts við gatnamót við Drafnarás.
Dælustöðin yrði grafin inn í brekkuna og vart sýnileg að frá Hraunholtsbraut.
Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hraunholts vestra í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Furuáss 2 og Eikarás 1.
13. **2006442 - Smádreifistöð við Maltakur**
Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Akra sem gerir ráð fyrir lóð fyrir dreifistöð rafveitu. Lagðar fram athugasemdir þar sem tillöggunni er harðlega mótmælt.
Skipulagsnefnd hafnar tillöggunni með vísan í athugasemdir.
Tækni- og umhverfissviði falið að finna aðra staðsetningu í samráði við Veitur.
14. **2009182 - Ljósakur 6 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**
Vísað er til fyrri svara vegna sambærilegra fyrirspurna. Bent er á að geymslur skal ekki nota sem íverurými.
15. **2009161 - Asparlundur 2 - Umsókn um byggingarleyfi**
Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir girðingu á lóðarmörkum, steypt að neðan en úr timbri að ofan. Hæð hennar er að hluta talsvert meira en 1,8 m yfir landi. Vísað til

frekari skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

16. 2009649 - Útvistarstígur frá Vífilsstaðavatni að Grunnuvatnaskarði. Breyting á deiliskipulagi Heiðmerkur

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Heiðmerkurs sem gerir ráð fyrir breytingu á legu stígs frá Vífilsstaðavatni að Grunnavatnsskarði. Skipulagsnefnd metur breytinguna óverulega í samræmi við 2. mgr. 43. greinar skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal Umhverfisstofnun og Landsneti.

Skipulagsstjóra er heimilt að stytta tíma grenndarkynningar ef umsagnaraðilar hafa lýst því yfir að þeir geri ekki athugasemd við breytinguna.

17. 2009028 - Hönnun - Útboð - Útvistarstígur frá Vífilsstaðarvatni að Grunnuvatnaskarði

Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stígs frá Vífilsstaðavatni að Grunnavatnsskarði sem er í samræmi við tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags Heiðmerkur. Lagðar fram umsagnir Landnets, Skógræktarfélags Reykjavíkur og Hestamannafélagsins Spretts. Í umsögn Spretts er því mótmælt að stígurinn sé í fyrsta áfanga lagður upp í Grunnavatnsskarð þar sem hann tengist reiðstíg.

Vísað til frekari úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði.

18. 2009509 - Hraungata 25-29 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um það hvort heimilað verði að lega bílageymslu víki óverulega frá byggingarreit hennar. Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar sem er jákvæð en mælt er með því að horn bílageymslu verði fært frá lóðarmörkum að Holtsvegi.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu eins og framlögð gögn sýna en þó þannig að 1 m fjarlægð sé að lóðarmörkum við Holtsveg.

19. 2009511 - Holtsvegur 55 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa og hönnuðar hvort að 4 íbúðir sem eru 90,5 m² að stærð fái heimild fyrir því að vera með bæði bílastæði á lóð en ekki annað í bílageymslu. Umsögn deiliskipulagshöfundar lögð fram og er hún jákvæð. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar.

20. 2009434 - Kinnargata 20 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa og hönnuðar um það hvort heimilað sé að hafa skyggni yfir dyrum bílageymslu og aðaliningangs í stað þess að þær séu inndregnar. Einnig hvort heimilað verði að þakhalli sé 12° í stað 15°. Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar varðandi umrædd atriði og er hún jákvæð.

Með vísan í umsögn gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar. Bent er á að þakhalli hefur áhrif á efnisval þakklæðninga.

Fyrirspurn um geymslu utan byggingarreits er svarað neikvætt með vísan í umsögn deiliskipulagshöfundar.

21. 2008104 - Hönnun - Útboð - Stígur að Bessastöðum

Lögð fram umsókn bæjarverkfræðings um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu útvistarstígs frá Bessastöðum að Norðurnesvegi. Umsókn er í samræmi við deiliskipulag.

Skipulagsnefnd veitir framkvæmdaleyfið á grundvelli framlagðra gagna í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

22. 1811064 - Umferðaröryggisáætlun

Haldinn var almennur íbúafundur um umferðaröryggisáætlun þann 29. september sl. Þátttaka var góð og margar gagnlegar ábendingar komu fram.

23. 2009042F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

- 23.1 2008424 - Vesturtún 38-40 - hækjun þaks -Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturtúns sem nær til parhúsaloðarinnar Vesturtún 38-40. Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarks mænishæð hækkar um 70 cm. Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Vesturtúns í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Vesturtúns nr.42, 34-36, 53a-53b, 55a-55b og 57 og Blátúns 5 og 8.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

- 23.2 2007068 - Suðurtún 20 - Stærri lóðarmörk - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Lögð fram fyrirspurn um stækkun lóðar parhúss að Suðurtúni 20.

Svar: Skipulagsstjóri mælir ekki með því að lóðin verði stækkuð vegna nálægðar fjölbýlishúss við Hestamýri í gildandi deiliskipulagi. Samkvæmt deiliskipulagi eru fjölbýlishús umkringd opnum grænum svæðum og stækkun lóðarinna myndi skerða þau á stað þar sem styrt er á milli húsa á svæðinu.

- 23.3 2009120 - Fyrirspurn um vegg á lóðarmörkum og geymslu - Sunnuflöt 2

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Lögð fram fyrirspurn um staðsetningu smáhýsis við lóðarmörk Sunnuflatar að opnu svæði í bæjarlandi.

Skipulagsstjóri veitir samþykki fyrir hönd Garðabæjar að smáhýsið sé staðsett nær lóðarmörkum að bæjarlandi en 3 m. Vísast til greinar 2.3.5.g í gildandi byggingarreglugerð.

Skipulagsstjóri samþykkir fyrir hönd Garðabæjar 1,3 m háan hlaðinn vegg við lóðamörk að opnum svæðum vestan og sunnan lóðar.

- 23.4 2009555 - Espilundur 3 - Stækkun hús um 30-40 fm. Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Lögð fram fyrirspurn um stækkun húss útfyrir byggingarreits til austurs sem nemur 2 m til suðurs sem nemur 1,5. Flatarmál viðbyggingar yrði 4,5x9,5 m. Sækja þarf um deiliskipulagsbreytingu ef útfæra á hús með þessum hætti. Æskilegra væri ef viðbygging færí aðeins út fyrir byggingarreit í eina átt.

- 23.5 2009479 - Túngata 10 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um reykháfs á þaki sem nær um 1,4 m upp yfir mænishæð. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasem við gerð reykháfs enda hafa hús innan skipulagssvæðisins verið reist með reykháfum þó ekki sé kveðið sérstaklega á um það í deiliskipulagi.

- 23.6 2007289 - Sveinskotsvör 2 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Lögð fram byggingarleyfisumsókn þar sem að bygging skýst allt að 60 cm útfyrir byggingarreit að vestanverðu. Hús númer 4 fékk samþykkt frávik vegna sambærilegrar útfærslu. 8 metrar verða því á milli húsa og þau hornrétt hvort á annað. Skipulagsstjóri gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagsla nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar eins og framlögð teikning sýnir. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórni Garðabæjar nr.20/2017.

- 23.7 2009569 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Lögð fram fyrirspurn um hæð skjólveggja (girðinga) að landi sveitarfélagsins sem liggur að lóðinni á þrjá vegu. Að götu, göngustíg og opnu svæði. Hæð er frá 70 cm að 180 cm. Í grein 2.4. í reglum um girðingu lóða á Álfstanesi segir að girðing lóða að opnum svæðum sveitarfélagsins séu heimilaðar allt að 1,5 metra háar. Í deiliskipulagsskilmálum Hólmatúnus er vísað í ofangreindar reglur.

Með vísan í ofangreindar reglur og deiliskipulag Hólmatúnus gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við girðingu sem er 1,5 metra há og liggur að landi sveitarfélagsins.

- 23.8 2009325 - Tunguás 8 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Vísað til skipulagsnefndar.

- 23.9 2009434 - Kinnargata 20 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Tillaga lögð fram sem víkur frá deiliskipulagi hvað þakhalla varðar og geymsluskúr sem fer út fyrir byggingarreit. Vísað til umsagna deiliskipulagshöfundar og Urriðaholts ehf.

- 23.10 2009511 - Holtsvegur 55 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Lögð fram fyrirspurn hönnuðar um það hvort heimilað verði að íbúðir sem eru rétt rúmlega 90 m² fái heimild til þess að vera með 2 stæði á lóð í stað þessa að vera með annað stæðið í bílageymslu. Fyrirspurn vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar og Urriðaholts ehf.

- 23.11 2009509 - Hraungata 25-29 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Lögð fram fyrirspurn hönnuðar um það hvort heimilað verði að snúa bílageymslu í sömu stefnu og hús og stækka byggingarreit lítillega. Fyrirspurn vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar og Urriðaholts ehf.

- 23.12 2007070 - Seinakur 8 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Lögð fram fyrirspurn hönnuðar um það hvort þakskyggni geti náð yfir útbyggingarreit.
Svar: Ekki er kveðið sérstaklega á um þakskyggni í skiplagsskilmálum. Í Garðabæ hafa skipulagsskilmálar almennt verið túlkaðir í þá veru að þakskyggni geti náð út fyrir byggingarreit. Til þess hafa mörg hús fengið byggingarleyfi í Akrahverfi þar sem að þakskyggni hafa náð yfir ytri byggingarreit að hluta eða alfarið. Skipulagsstjóri gerir því ekki athugasemd við þá útfærslu.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Ungmennaráð Garðabæjar

1. fundur 2020

Mánudaginn 14. september 2020 kl. 18:00 kom ungmannaráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Tómas Þór Jacobsen forstöðumaður Klakans.

Fundargerð ritaði: Anna Karen, Fulltrúi í ungmannaráði.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2006023 - Forvarnavika Garðabæjar 2020

Á fundinum sátu Tómas, Hrannar, Lóa, María, Aron og Daniel

Ritari: Anna Karen

Rætt var um hugmyndir fyrir forvarnarviku Garðabæjar

Myndband

Um einn einstakling sem að verður sýndur að taka tvær mismunandi ákvarðanir í lífinu.
Öðru megin leiðir líf hans til helvítis en hinn endir sögunnar er góður.

Plakat

Mynd af einstaklingi þar sem að mynd af honum er skipt í miðju, önnur hliðin er líf eftir vímuefni og hin lítur venjulega og hraustlega út.

-Hvor Viltu Vera..

Ekki Falla Fyrir Hóþþrýstingi-

Bakgrunnur- dimmt og skuggalegt hjá einum og bjart og skemmtilegt hjá hinum.

Plaköt með mismunandi strákum og hitt mismunandi með stelpum

Instagram auglýsing

Fá Jóapé eða aðra jákvæða fyrirmynnd til að leika í auglýsingu þar sem að hann segir frá breytingunni úr ungingadeild upp í framhaldsskóla.

Ekki var meira rætt.

Fundi slitið 19:00

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð 2. fundur 2020

Föstudaginn 2. október 2020 kl. 08:30 kom öldungaráð saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Ástbjörn Egilsson aðalmaður, Ólafur J Proppé aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir aðalmaður og Margrét Björnsdóttir aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2004135 - Tilkynning frá heilbrigðisráðuneytinu um aðgerðaáætlun í þjónustu við fólk með heilabilun, dags. 08.04.2020.

Tekið er fyrir mál nr. 2004135 tilkynning frá heilbrigðisráðuneytinu um aðgerðaráætlun í þjónustu við fólk með heilabilun.

Þau málefnavið sem tekin eru fyrir í aðgerðaáætluninni eru:

1. Sjálfsákvörðunarréttur, þátttaka sjúklinga og lagaleg umgerð.
 2. Forvarnir.
 3. Tímanleg greining á heilabilun á réttum stað og eftirfylgni eftir greiningu.
 4. Virkni, sjálfshjálp og stuðningur.
 5. Rétt þjónusta miðað við stig heilabilunar.
 6. Umfang, rannsóknir, þekking og hæfni.
- Undir hverju málefnavið eru birtar áherslur ráðherra, þær aðgerðir sem ákveðið hefur verið að ráðast í, áhrif þeirra á samfélagið og framtíðarsýn við lok gildistíma áætlunarinnar árið 2030 sem jafnframt er gildistími samþykktar heilbrigðisstefnu

Lagt fram og rætt.

Öldungaráð telur mikilvægt að Garðabær haldi áfram að vinna að því að fjölga dagvistarplássum fyrir heilabilaða í Garðabæ.

2. 1710101 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun

Tekið er fyrir mál nr. 1710101 Stefna í málefnum eldri borgara - aðgerðaráætlun.

Á síðasta fundi Öldungaráðs var samþykkt að leggja fram nýja aðgerðaráætlun í þeim 5 stefnumálum sem sett voru í forgang. Í forgangi eru;

1. Upplýsingaflæði.
2. Félagsleg þátttaka.
3. Forvarnir og heilsuefling.
4. Búsetuúrræði.
5. Velferðartækni.

Formleg vinna vinnuhóps vegna aðgerðaráætlunar hefur ekki farið fram að undanförnu vegna aðstæðna í samféluginu en í sumar var unnið að verkefnum tengdum stefnumálum nr. 2 og 3 með góðum árangri sem vert að skoða betur.

Í sumar var í gangi verkefni þar sem lögð var áhersla á að hafa samaband við eldri borgara, 80 ára

og eldri, með ýmsum hætti og mikilvægt að halda slíkri vinnu áfram eins og mögulegt er. Á næsta fundi mun verða lögð fram samantekt á þeim verkefnum.

3. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar

Tekið er fyrir mál nr. 1908321 endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar. Skjalið "Forvarnarstefna Garðabæjar 2020" er tilbúið til kynningar og er sent frá ÍTG á nefndir og ráð bæjarins til umsagnar. Allar ábendingar eru vel þegnar.

Síðar verður farið í að laga framsetningu, leturgerðir og fleira áður en þetta fer á vefinn.

Lagt fram og rætt.

4. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Tekið er fyrir mál nr. 1911304 - tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Lagt var upp með 4 verkefni sem voru metin út frá ákveðnum þáttum m.a. hversu margir nýta þjónustuna, tímasparnaður, árlegur fjöldi umsókna/fyrirspurna ásamt ávinningi.

Verkefnin voru;

1. Stafrænt Garðakort.
2. Umhverfisgátt.
3. Stuðningsþjónusta.
4. Snjöll afgreiðsla leikskólaumsókna.

Öldungaráð fjallar um málið og lýsir ánægju sinni með val verkefna.

5. 2003455 - Ályktun frá Landsambandi eldri borgara.

Tekið er fyrir mál nr. 2003455 - ályktun frá Landssambandi eldri borgara. Bæjarráð Garðabæjar vísar málinu til umfjöllunar í öldungaráði.

Um er að ræða frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.

Ályktun frá LEB er varðar aðgerðir sem snerta hagsmuni eldri borgara meðan á kórónuveirufaraldri stendur og afgreiðsla á frumvarpi að lögum nr. 666, lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARDAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

259. fundur heilbrigðisnefndar 28. september 2020

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mánudaginn 28. september á skrifstofu heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5 í Garðabæ. Fundurinn hófst kl.16:30 og mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Harðar Þorsteinssonar sem jafnframt ritaði fundargerð.

Skipulagsmál

1. Umsögn um Umhverfisskýrslu Hafnarfjarðarbæjar varðandi Ásvelli.

Lagt fram erindi frá Skipulags- og byggingaráði Hafnarfjarðar dags. 14.09.2020 þar sem óskað er eftir umsögn Heilbrigðisnefndar um umhverfisskýrslu vegna deiliskipulagsbreytinga við Ásvelli í Hafnarfirði.

Ástjörn er friðlýst svæði á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar og er hluti fólkvangs Ásfjalls og Ástjarnar. Undirbyggja þarf vandlega allar ákvæðanir og framkvæmdir sem hugsanlega geta valdið þar röskun. Heilbrigðisnefnd telur að umhverfisskýrsla vegna breytinga á deiliskipulagi Ásvalla, svari ekki þeim áleitnu spurningum sem vakna um áhrif háreists knattspyrnuhúss á vatnsbúskap Ástjarnar eða lífríki hennar.

2 Starfsleyfi

Garðabær

2.1 Kirkjulundur 17, Garðabæ – bálstofa dýra

Lögð fram umsókn Jóns Arnar Kristinssonar f.h. Fjölráð ehf., kt. 510602-2930, dags. 16.06.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir bálstofu fyrir gæludýr að Kirkjulundi 17, Garðabæ.

Fasteignanr: 2257676. Breyting á húsnæði.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 25.08.2020.

Minnisblað HHK dags. 14.07.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

Hafnarfjörður

2.2 Álfhella 7, Hafnarfjörður dreifing matvæla

Lögð fram að nýju umsókn Arnórs Daða Eiríkssonar, f.h. ADIF ehf., kt. 660819-1180, dags. 07.02.2020 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Álfhelli 7, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2501362. Ný starfsemi.

Vörugeymsla og vörudreifing er frá vöruhóteli.

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.3 Álfhella 8, Hafnarfjörður – vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Sigþórs Sigurðssonar, f.h. Hlaðbær Colas hf., kt. 420187-1499 dags. 07.09.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir vélaverkstæði að Álfhellu 8, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2329979.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.09.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.4 Eyrartröð 8, Hafnarfjörður - renniverkstæði

Lögð fram umsókn Finns Einarssonar f.h. Rennilist ehf., kt. 560713-0960, dags. 09.09.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs renniverkstæðis að Eyrartröð 8, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2501902.

Ný starfsemi

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 16.09.2020.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.09.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

2.5 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Kristjáns Vals Gíslasonar, f.h. Allt gott ehf. (The skyr factory), kt. 550716-0540, dags. 23.09.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2223425.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.6 Fornubúðir 5, Hafnarfjörður – móttökueldhús

Lögð fram umsókn Sigvalda Egils Lárussonar, f.h. Hafrannsóknastofnun, kt. 470616-0830, dags. 04.09.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir reksturs móttökueldhúss að Fornubúðum 5, Hafnarfirði.

Fasteignanr.: 2500533. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.09.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.09.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

2.7 Fornubúðir 5, Hafnarfjörður – rannsóknastofur

Lögð fram umsókn Sigvalda Egils Lárussonar, f.h. Hafrannsóknastofnun, kt. 470616-0830, dags. 04.09.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir rannsóknarstofum að Fornubúðum 5, Hafnarfirði.



Fasteignanr.: 2500533. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.09.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.09.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar.

2.8 Helluhraun 16-18, Hafnarfjörður – fiskverslun

Lögð fram umsókn Jóns G. Sigurvinssonar f.h. Fresh ehf., kt. 570805-0290, dags. 28.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskverslunar að Helluhrauni 16-18, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 207 5378.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.09.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.9 Hlíðarberg 1-3, Hafnarfjörður – leikskóli

Lögð fram umsókn Ólafíu Guðmundsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 11.09.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með móttökueldhúsi að Hlíðarbergi 1-3, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2075719, 2075722. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 07.09.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttu- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.10 Miklaholt 1, Hafnarfjörður – leikskóli

Lögð fram umsókn Særúnar Þorláksdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 31.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með móttökueldhúsi að Miklaholti 1, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2215613. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.09.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttu- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.11 Norðurhella 1, Hafnarfjörður – veitingastaður

Lögð fram umsókn Birgis Arnars Birgissonar, f.h. Pizza Pizza ehf., kt. 480293-2669, dags. 26.06.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir pizzustað að Norðurhelli 1, Hafnarfirði.


Fasteignanr. 2330482.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 18.06.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.



2.12 Norðurhella 1, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Ásdísar Bjargar Jónsdóttur, f.h. Krónan ehf., kt. 711298-2239, dags. 08.09.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Norðurhelli 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2330482.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 28.09.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.08.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.13 Reykjavíkurvegur 50, grunnskóli

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur f.h. Framsýnar Menntun ehf. Kt. 630615-0890, dags. 25.09.2020 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir grunnskóla að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2078617.

Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

2.14 Bláfjallavegur, Kópavogur – framkvæmdir

Lögð fram umsókn Svans Bjarnasonar, f.h. Vegagerðarinnar, kt. 680269-2899 dags. 03.09.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir lagfæringu vegfláa á Bláfjallavegi frá Suðurlandsvegi að skíðasvæði í Bláfjöllum.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á vatnsverndarsvæði .

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 01.06.2021.

2.15 Bæjarlind 4, Kópavogur – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Helgu Högnadóttur, f.h. Heilsa og fugurð ehf., kt. 611098-2359, dags. 25.09.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Bæjarlind 4, Kópavogi. Ný starfsemi. Fasteignanr.: 223-4246.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.16 Bæjarlind 4, Kópavogur – fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Hólmfríðar Tryggvadóttur, kt. 190167-4459, dags. 25.09.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu hjá Heilsu og Fegurð ehf., að Bæjarlind 4, Kópavogi. Ný starfsemi. Fasteignanr.: 223-4246.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.17 Bæjarlind 4, Kópavogur – fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Sigríðar Lovísu, kt. 070573-3189, dags. 25.09.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu hjá Heilsu og Fegurð ehf, að Bæjarlind 4, Kópavogi. Ný starfsemi. Fasteignanr.: 223-4246.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.18 Bæjarlind 4, Kópavogur – varanleg förðun

Lögð fram umsókn Katrínar Sylvíu Símonardóttur, kt. 310373-5919, dags. 25.09.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu með varanlega förðun hjá Heilsu og Fegurð ehf, að Bæjarlind 4, Kópavogi. Ný starfsemi. Fasteignanr.: 223-4246.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.19 Dalsmári, Kópavogur – færðanlegt Tivoli

Lögð fram umsókn Kane Taylor, f.h. Taylors Tivoli Iceland ehf., kt. 650619-0130 dags. 15.09.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir færðanlegt Tivolí á malarbílastæði við Fífuna, Dalsmára, Kópavogi.

Fyrir liggur viðburðarleyfi frá Kópavogsbae dags. 14.09.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttu- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3 Umsagnir

Hafnarfjörður

3.1 Víkingastræti 1-3, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.09.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fjörukránnar ehf., kt. 630490-1119, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, að Víkingastræti 1-3, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 16.09.2020.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 31.08.2020.

Kópavogur

4 Tóbaksleyfi

4.1 Norðurhella 1, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn fyrir Krónuna ehf., kt. 711298-2239, dags. 08.09.2020 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Krónuna ehf, Norðurhellu 1, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis sem samþykkt er á fundinum.


5 Annað

5.1. Viðbragðsáætlun til að bregðast við slæmum loftgæðum utanhúss

Í áætlun ríkisstjórnar um loftgæði sem út kom 2017, *Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði 2018-2029*, kemur skýrt fram að heilbrigðisnefndir eigi fyrir árslok 2020 að vera búnað að samþykka viðbragðsáætlanir um skammtímaráðstafanir ef loftgæði hafa versnað eða horfur eru á að þau muni versna og sem gilda eiga innan þeirra sveitarfélaga.

Heilbrigðisnefnd sendi bæjarstjórnnum Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs tillögu að viðbragðsáætlun fyrir svæðið í júní sl. til kynningar og umsagnar. Í áætluninni er fjallað um helstu mengunarefni í andrúmslofti, viðmið, stofnun viðbragðsteymis og verklagsreglur með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar.

Heilbrigðisnefnd staðfestir að viðbragðsáætlun um loftgæði hafi tekið gildi.



5.2. Kaup á færánlegri loftgæðamælistöð

Heilbrigðisnefnd rekur tvær fastar mælistöðvar til að vakta loftgæði. Mælistöð við Dalsmára í Kópavogi sem var kostuð af Kópavogi. Stöðin er lykilstöð í vöktun almennra loftgæða í Kópavogi og einnig almennt loftgæði í íbúðahverfum á svæðinu. Mælistöð við Norðurhellu í Hafnarfirði var kostuð af Hafnarfjarðarbæ. Stöðin vaktar einnig almenn loftgæði í íbúahverfum en einnig áhrif stærsta iðnaðarsvæðis landsins á almenn loftgæði íbúa.

Í viðbragðssáætluninni er fjallað um mikilvægi þess að bæta við færánlegri loftgæðastöð sem myndi nýtast til að vakta rykmengun frá helstu stofnbrautum sem liggja um bæjarfélögin. Stöðin mun einnig nýtast til fleiri vöktunarþátta. Í áætluninni kom fram að heilbrigðisnefnd muni leita sérstaklega til Garðabæjar um aðkomu að kaupum á færánlegri loftgæðamælistöð.

Heilbrigðisnefnd fer þess á leit við Garðabæ að bæjarfélagið festi kaup á færánlegri mælistöð vegna vöktun loftgæða í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

5.3. Mögulegar breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum

Lagt fram til kynningar afrit af erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis sem sent var bæjarstjórnum þeirra sveitarfélaga sem standa að Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði. Þar er óskað eftir umsögn sveitarfélaganna á þeirri beiðni Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar um að kannaður verði síðan möguleiki að heilbrigðiseftirlitsvæði Kjósarsvæðis verði lagt niður í núverandi mynd og heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar sameinað eftirlitsvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.


Heilbrigðisnefnd telur að ákveðin samlegðaráhrif gætu falist í því að stækka eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, ef það væri vilji bæjarfélaganna. Stærra eftirlitssvæði gæti t.d. boðið upp á aukna sérhæfingu starfsmanna. Nefndin minnir þó á að einn helsti styrkur heilbrigðiseftirlits er sterkt tengsl í nærumhverfi.

Fyrir liggur að endurskoða þarf samstarfssamning um rekstur Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis í samræmi við ákvæði 13. gr. samningsins. Áður en lokið verður við endurskoðun á samstarfssamningi sveitarfélaganna þarf að liggja fyrir hvort farið verði í stækkun eftirlitssvæðisins.

5.4. Nýtt málakerfi og vefsíða tekin í notkun

Á síðasta ári hófst vinna við að uppfæra málakerfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis ásamt því að vinna að nýri vefsíðu fyrir eftirlitið. Innleiðing kerfisins er nú lokið og er nú búið að taka í notkun málakerfi frá Spektra ehf. sem heitir Workpoint, en það er að fullu sam tengt öðrum Office 365 hugbúnaði sem notaður er af eftirlitinu. Jafnframt var smíðuð ný vefsíða fyrir eftirlitið og var hún unnin af vefstofunni Kodo. Umsóknir um starfsleyfi er nú hægt að framkvæma með rafrænum hætti á heimasíðunni auk þess hægt er að skrá hunda á síðunni og senda inn vottorð. Þá verður auðveldara í framtíðinni að bæta við rafrænni vinnslu og tengja umsóknir við þjónstugátt Íslands.is og heilbrigðiseftirlitið þannig orðið þátttakendur í að miðla opinberri þjónustu á einum stað.

Formaður heilbrigðisnefndar vígði nýja heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins með því að smella á heilbrigðiseftirlit.is á fundinum og tók hana þar með formlega í notkun.



Jón Haukur Ingvason


Sigurður Grétarsson



Ingibjörg Hauksdóttir



Linda Hrönn Þórisdóttir



Gnýr Guðmundsson

Elínbjörg Ingólfssdóttir



Stjórn SSH 502. fundur

Mánudaginn 21. september 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson, stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Varaformaður stjórnar, Gunnar Einarsson, setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun byggðasamlaga / málsnr. 2008001

Farið yfir stöðuna á yfirstandandi vinnu við gerð fjárhagsáætlana byggðasamlaganna fyrir árið 2021. Þá Páll Björgvin, framkvæmdastjóri SSH, kynnir drög að yfirliti yfir framlög sveitarfélaganna til byggðasamlaganna og samstarfsverkefna næstu fjögur ár.

Formaður stjórnar, Rósa Guðbjartsdóttir, tók við fundarstjórn.

Farið var yfir drög að gjaldskrá hjá Sorpu bs. Gestir fundarins undir þeim lið voru Líf Magneudóttir formaður stjórnar Sorpu bs. og Haraldur Flosi Tryggvason ráðgjafi. Líf og Haraldur Flosi kynna minnisblað um fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrám, sem áætlað er að taka muni gildi á næsta ári. Endanlegir útreikningar á áhrifum þessa á sveitarfélögin sem eigendur og þjónustukaupa liggja ekki fyrir.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Frekari umræðu vísað til eigendafundar Sorpu bs. en fyrir hann verður tekið saman og lagt fram minnisblað sem tekur m.a. til áhrifa á sveitarfélögin. Fyrirhugað er að halda eigendafundi Strætó bs. og Sorpu bs. mánudaginn 28. september nk. Þá er gert ráð fyrir því að haldinn verði fundur fulltrúaráðs um fjárhagsáælanir byggðasamlaganna. Stefnt er að slíkum fundi á næstunni.

2. Covid-19 / málsnr. 2003006

Fjárhagsáhrif Covid-19 á sveitarfélögin. Framhald umræðu frá 501. fundi.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir kynnir samantekt um erindi til Samgöngunefndar sánska þingsins, og kröfur sánsku almenningssamgöngufyrirtækjanna um aukinn ríkisstuðning vegna erfiðs rekstrar af völdum Covid-19.

Umræður um tekjufall og kostnaðarauka sveitarfélaganna og Strætó bs. vegna Covid-19 og mögulegar umræður um aðkomu ríkisins vegna þess. Ænn er óljóst hvernig Covid-19 faraldurinn þróast og þau áhrif sem af honum verða.



3. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Á 501. fundi stjórnar SSH var ákveðið að halda fund með öllum kjörnum fulltrúum á höfuðborgarsvæðinu föstudaginn 25. september 2020 þar sem farið væri yfir stöðu verkefna Samgöngusáttmálans. Ákvarða þarf fyrirkomulag þess fundar, auk þess sem ræða þarf fyrirkomulag við undirritun hluthafasamkomulags og stofnsamnings félagsins „Betri samgöngur ohf.“

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að fresta umræddum fundi um viku og stefna þá að staðfundi, en fylgjast með þróun Covid-19 og vera þá reiðubúin að halda fjarfund ef þörf krefur.

Stefnt er að undirritun hluthafasamkomulags og stofnsamnings eftir hádegi föstudaginn 25. september.

4. Kjarasamningar, stytting vinnuviku o.fl. / málsnr. 2009002

Fyrir liggja leiðbeiningar innleiðingaráhóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvernig haga skuli vinnu við gerð og útfærslu tillagna, kynningu á þeim og atkvæðagreiðslu vegna styttingar vinnuvikunnar.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá á fundinum og er honum frestað.

5. Stjórnsýsla byggðasamlaga /málsnr. 1912001

Á 501. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað:

Stjórn samþykkir að halðið verði áfram með verkefnið i samræmi við framlagða innleiðingaráætlun og er framkvæmdastjóra falið að koma innleiðingaráætluninni til framkvæmdar með hliðsjón af þeim forsendum sem fram koma í minnisblaði.

Nú liggja fyrir drög að samningi SSH við Strategíu vegna framhalds þessa verkefnis auk þess sem búið er að vinna skapalón til að nota við greiningu og flokkun á verkefnum byggðasamlaganna en skrifstofa SSH mun í vikunni hefja vinnu við greininguna.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá á fundinum og er honum frestað.

6. Önnur mál

Ákveðið að funda að nýju miðvikudaginn 23. september kl. 8:15.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00



Stjórn SSH 503. fundur

Miðvikudaginn 23. september 2020, kl. 8:15, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð. Karl M. Kristjánsson boðaði forföll.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Covid-19 / málsnr. 2003006

Fjárhagsáhrif Covid-19 á sveitarfélögin. Framhald umræðu frá 502. fundi.

Umræðum frestað til næsta fundar.

2. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Á 502. fundi stjórnar SSH var ákveðið, með hliðsjón af aðstæðum, að fresta fundi með öllum kjörnum fulltrúum á höfuðborgarsvæðinu sem halda átti föstudaginn 25. september. Áætlað er að halda fundinn 2. október nk. Ákvarða þarf fyrirkomulag þess fundar, auk þess sem ræða þarf fyrirkomulag við undirritun hluthafasamkomulags og stofnsamnings félagsins „Betri samgöngur ohf.“ Framhald umræðu frá 502. fundi.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Tillaga um tilnefningu SSH um aðila í stjórn Betri Samgangna ohf. er í móton og stefnt er að því að fullforma hana fljóttlega.

3. Kjarasamningar, stytting vinnuviku o.fl. / málsnr. 2009002

Fyrir liggja leiðbeiningar innleiðingaráhóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvernig haga skuli vinnu við gerð og útfærslu tillagna, kynningu á þeim og atkvæðagreiðslu vegna styttingar vinnuvikunnar. Útfærsla styttingar vinnuviku er enn í móton og ýmsar leiðir sem koma til skoðunar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að mannauðsstjórar sveitarfélaganna komi á fund stjórnar SSH til að kynna þessa vinnu.



4. Stjórnsýsla byggðasammlaga /málsnr. 1912001

Á 501. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað:

Stjórn samþykkir að haldið verði áfram með verkefnið í samræmi við framlagða innleiðingaráætlum og er framkvæmdastjóra falið að koma innleiðingaráætluninni til framkvæmdar með hliðsjón af þeim forsendum sem fram koma í minnisblaði.

Nú liggja fyrir drög að samningi SSH við Strategíu vegna framhalds þessa verkefnis auk þess sem búið er að vinna skapalón til að nota við greiningu og flokkun á verkefnum byggðasamlaganna en skrifstofa SSH hefur þegar hafið vinnu við greininguna. Páll Björgvin og Hildigunnur kynna ofangreint.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Samningur við Strategíu lagður fram og kynntur og framkvæmdastjóra falið að ljúka við og undirrita hann. Þá var skapalón til að nota við flokkun og greiningu á verkefnum byggðasamlaganna lagt fram til kynningar.

5. Önnur mál

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 25. september, kl. 9:15.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:40



Stjórn SSH 504. fundur

Föstudaginn 25. september 2020, kl. 09:15, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, stjórnarmenn í SSH og Rósá Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Framhald umræðu frá 503. fundi um fyrirkomulag við stofnun félagsins Betri Samgöngur ohf. og tilnefningu SSH á þremur aðilum í stjórn þess félags.

Umræður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:30



Stjórn SSH 505. fundur

Mánudaginn 28. september 2020, kl. 07:45, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga / *málsnr. 2008001*

Undirbúningur fyrir eigendafundi Sorpu bs. og Strætó bs. sem haldnir verða hinn 28. september 2020. Umræður um um drög að fjárhagsáætlunum byggðasamlaganna en áætlað er að fjárhagsáætlanir liggi fyrir 5. október.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Unnið verður áfram að fjárhagsáætlunum byggðasamlaganna en frekari upplýsingar munu koma fram á eigendafundum.

2. Covid-19 / *málsnr. 2003006*

Fjárhagsáhrif Covid-19 á sveitarfélögin og aðkoma ríkisins. Framhald umræðu frá 503. fundi.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra SSH falið að senda erindi til forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra þar sem óskað verði eftir formlegum fundi til að ræða áhrif Covid-19 á fjárhagsstöðu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 08:30



Stjórn SSH 506 fundur

Fimmtudaginn 1. október 2020, kl. 12:00 kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Árman Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ásgerður Halldórsdóttir stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Tilnefning stjórnar SSH í stjórn Betri Samgangna ohf.

Tillaga:

1. Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar og verðandi formaður stjórnar SSH. Gunnar er jafnframt tilnefndur sem varamaður stjórnar Betri Samgangna ohf.
2. Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri framkvæmda Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur.
3. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Varamaður: Árman Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogsbæjar.



Umræður.

Niðurstaða fundar:

Tillagan er samþykkt.

2. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

433. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 25. september 2020. Fundurinn var settur kl. 07:36. Fundurinn er fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt:

Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestur á fundinum er Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður.

Helgi Þór Ingason, Guðrún Eva Jóhannesdóttir og Gunnar Dofri Ólafsson sóttu fundinn á Gylfaflöt 5. Aðrir fundarmenn sóttu fundinn með fjarfundarbúnaði.

Tekið fyrir:

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Skýrsla framkvæmdastjóra og staða og horfur í rekstri og fjárfestingum rædd.

2. Áætlun 2021

Helgi Þór Ingason og Guðrún Eva Jóhannesdóttir gera grein fyrir fjárhagsáætlun SORPU árin 2021 til 2025. Áætlunin rædd í kjölfarið. Stjórn samþykkti samhljóða að vísa henni til eigendavettvangs til frekari umræðu.

Helgi Þór gerir auk þess grein fyrir fyrirhuguðum gjaldskrárbreytingum SORPU. Gjaldskráin rædd í kjölfarið.

3. Dómsmál í AV á hendur samlaginu

Haraldur Flosi Tryggvason gerði grein fyrir minnisblaði LOGOS um dómsmál Íslenskra aðalverktaka á hendur SORPU bs. Minnisblaðið rætt. Stjórn samþykkti samhljóða framkomna tillögu í minnisblaðinu.

4. Önnur mál

Fyrirhugaðir fundir eigenda, fulltrúaráðs og vinnufundur stjórnar um áhættustefnu í október voru rædd.

5. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 5. október 2020 klukkan 14:15.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:15 25. september 2020.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

328. fundur

Föstudaginn 25. september 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn sem var fjarfundur hófst kl. 11:00.

Mætt voru

Hjálmar Sveinsson (HS) , Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Steinsson (ÁS), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI), öll á fjarfundi.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri gæða- og mannaudssviðs.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2021-2025.
2. Gjaldskrá 2021.
3. Skýrsla innri endurskoðunar.
4. Leiðakerfið.
5. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk.
 - a. Dómssátt.
 - b. Útboð á leigubílaakstri.
6. Önnur mál:
 - a. Fyrirspurn dags. 27.08.2020 frá áheyrnarfulltrúa Miðflokkins í borgarstjórn Reykjavíkur varðandi farþegatalningar o.fl.
 - b. Fyrirspurn dags. 27.08.2020 frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur varðandi gæðaeftirlit.
 - c. Fyrirspurn dags. 27.08.2020 frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur varðandi lausagang strætisvagna.

Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2021 – 2025

Áframhaldandi umfjöllun um forsendur fjárhags- og starfsáætlun Strætó bs. 2021-2025. Útkomuspá fyrir árið 2020 hefur ekki breyst frá síðasta fundi og töluverð óvissa er um hvernig mál munu þróast í tengslum við heimsfaraldur Covid 19 á næsta ári.

Á eigendafundi Strætó bs. 7. september 2020 var, í kjölfar umfjöllunar um forsendur fjárhags- og starfsáætlunar byggðasamlagsins, stjórn falið að kanna nánar möguleika varðandi útvistun og græna fjármögnun.

Framkvæmdastjóri lagði fram og fór yfir tillögur varðandi sparnað í akstri á tilteknum leiðum í leiðanetinu, útvistun á akstri og hvaða möguleikar eru í boði varðandi græna fjármögnun hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna áfram að innleiðingu sparnaðar í leiðaneti í samræmi við umræður á fundinum.

Næsti eigendafundur hefur verið boðaður mánudaginn 28. september nk. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að senda tillögur stjórnar til eigenda fyrir fundinn varðandi fjármögnun á áætlaðri neikvæðri rekstrarniðurstöðu ársins 2020 og rekstrarframlag eigenda á árinu 2020.

2. Gjaldskrá 2021

Fyrir fundinum lá tillaga varðandi breytingar á gjaldskrá Strætó vegna rekstrarársins 2021. Í samræmi við fyrirliggjandi forsendur fjárhags- og starfsáætlunar byggðasamlagsins samþykkir stjórn að gjaldskráin skuli þann 1. janúar 2021 að meðaltali hækka um 2,5%.

3. Skýrsla innri endurskoðunar

Sif Einarsdóttir frá Deloitte, innri endurskoðandi Strætó bs., kynnti niðurstöður athugunar innri endurskoðunar á starfsemi byggðasamlagsins og fór yfir ábendingar sem settar eru fram í skýrslu innri endurskoðanda.

Stjórn beinir því til framkvæmdastjóra að vinna úr ábendingum innri endurskoðunar eins fljótt og fjármagn og tími leyfir.

4. Leiðakerfið

Áframhaldandi umræða um hugmyndir að breytingum tiltekinna leiða í leiðakerfi Strætó á árinu 2021 í ljósi versnandi rekstrarumhverfis vegna Covid 19 faraldursins.

5. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk

- a) Dómssátt: Stjórn samþykkir fyrirliggjandi dómssátt í málum E-826/2019 og E-827/2019
- b) Útboð á leigubílaakstri: Í tengslum við nýtt fyrirkomulag á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk þarf að bjóða út leigubílaakstur sem ætlað er að sinna tilfallandi ferðum. Fyrir fundinum lágu drög að útboðsgögnum. Gögnin eru í lokarýni hjá lögmanni Strætó bs. og hjá Borgarlögmanni. Að lokinni yfirferð lögmanna verður málid lagt fyrir stjórn til afgreiðslu.

6. Önnur mál

- a. Fyrirspurn dags. 27.08.2020 frá áheyrnarfulltrúa Miðflokkssins í borgarstjórn Reykjavíkur varðandi farþegatalningar o.fl..
- b. Fyrirspurn dags. 27.08.2020 frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur varðandi gæðaeftirlit.
- c. Fyrirspurn dags. 27.08.2020 frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur varðandi lausagang strætisvagna.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara ofangreindum fyrirspurnum í samráði við stjórnarformann.

Fundi slitið kl. 13:00.

Fylgiskjöl:

- Gjaldskrá 2021.
- Skýrsla innri endurskoðunar.

Hjálmar Sveinsson

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

329. fundur

Föstudaginn 9. október 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn sem var fjarfundur hófst kl. 11:00.

Mætt voru

Hjálmar Sveinsson (HS) , Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI), öll á fjarfundi.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2021-2025.
2. Gjaldskrá 2021.
3. Yfirferð og staða ábendinga frá IE.
4. Gæðamál.
5. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2021 – 2025

Áframhaldandi umfjöllun um forsendur fjárhags- og starfsáætlunar Strætó bs. 2021-2025.

Á eigendafundi Strætó bs. fyrr í dag (9. október 2020) kynnti framkvæmdastjóri spá stjórnar um rekstrarafkomu ársins 2020, áætlaða sjóðsstöðu í árslok 2020, fyrirliggjandi forsendur stjórnar vegna rekstrarársins 2020 og sjóðsstreymisgreiningu KPMG sem unnin var fyrir stjórn að beiðni framkvæmdastjóra í kjölfar síðasta eigendafundar byggðasamlagsins. Rætt var um hvernig bregðast megi við áætlaðri neikvæðri sjóðsstöðu á fyrsta ársfjórðungi 2021 og áætlaðri þörf félagsins á auknu fjárfram lagi vegna tekjufalls yfirstandandi árs og næsta árs/næstu ára af völdum Covid-19 faraldursins. Á fundinum kom fram að eigendur eru í við ræðum við ríkið um þessar mundir um að ríkið komi með fjárframlag til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu vegna þess ástands sem nú er uppi af völdum faraldursins.

Næsti eigendafundur hefur verið boðaður mánudaginn 12. október nk. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að senda tillögu stjórnar til eigenda fyrir fundinn varðandi fjármögnun á áætlaðri neikvæðri rekstrarniðurstöðu og sjóðsstöðu ársins 2020 og tillögu stjórnar um rekstrarframlag sveitarfélaganna og ríkisins á árinu 2020.

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður og ályktanir sjóðsstreymisgreiningar KPMG sem unnin var nú í október fyrir stjórn að beiðni framkvæmdastjóra. Ljóst er að Strætó stendur frammi fyrir tölverðu tekjufalli vegna Covid faraldursins, ljóst þykir að áhrifin vari lengur en í fyrstu var talið og að tekjufallið

hafi veruleg áhrif á sjóðsstreymi félagsins ásamt því að vagnaflotinn er kominn töluvert til ára sinna sem eykur á óvissu og áhættu hjá féluginu.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að láta gera næmnigreiningu á fjárhagsáætlun 2021 út frá mismunandi forsendum með vísan til sjóðsstreymisgreiningar KPMG og í samræmi við umræður á fundinum.

2. Gjaldskrá 2021

Fyrir fundinum lá tillaga um hækjun einstakra vöruflokka í gjaldskrá Strætó vegna rekstrarársins 2021.

Stjórn samþykkir fyrilliggjandi utfærslu á einstökum gjaldskrárliðum í samræmi við umræðu á fundinum. Vegin meðaltalshækkun er í kringum 2,6% sem er í samræmi við áætlaða hækjun á vísitölu neysluverðs í nýútkominni þjóðhagsspá frá Hagstofu Íslands dagsettri 1. október 2020.

3. Yfirferð og staða ábendinga frá IE

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu á eftirfylgni stjórnenda Strætó vegna ábendinga fyrri ára, í framhaldi af skýrslu innri endurskoðenda byggðasamlagsins, dags. 24.09.2020. Sextán af 25 eldri ábendingum er lokið, sex ábendingar eru á lokastigi og þrjár eru í vinnslu.

Lögð var fram bókun endurskoðunarnefndar Strætó dags. 30.9.2020 eftir fund nefndarinnar með innri endurskoðanda Strætó, stjórnarformanni og framkvæmdastjóra þann 23.9.2020, um innra eftirlit hjá Strætó. Framkvæmdasstjóri skýrði frá því að brugðist hafi verið við bókun endurskoðunarnefndar.

4. Gæðamál

Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs, fór yfir stöðu ábendinga frá viðskiptavinum Strætó og kynnti viðbrögð stjórnenda byggðasamlagsins við þeim. Farið var yfir verklag umbótastarfs sem stöðugt er í gangi hjá Strætó en tilgangur og markmið með söfnun ábendinga eru stöðugar umbætur, yfirsýn yfir starfsemina, upplifun viðskiptavina og virkt samtal við viðskiptavini Strætó.

Í máli sviðsstjóra kom fram að á árinu 2019 hafi verið stofnaðir tveir umbótahópar, umbótahópur þjónustu og umbótahópur leiða. Hlutverk umbótahópanna er að fara yfir innsendar ábendingar og koma með hugmyndir og tillögur að umbótum á starfsemi Strætó í kjölfarið.

Stjórn lýsir yfir ánægju með uppbyggilega vinnu mannauðs- og gæðasviðs við úrvinnslu ábendinga frá viðskiptavinum fyrirtækisins.

5. Önnur mál

- a) Fyrr í veturna fundaði stjórnarformaður Strætó og framkvæmdastjóri með Veitum og í framhaldinu óskuðu Veitur eftir því að Strætó og Veitur hæfu með sér samstarf um rafmagnsinnviði.

Fundi slitið kl. 13:00.

Fylgiskjöl:

- Kynning á yfirliti ábendinga vegna viðskiptavina Straetó

Hjálmar Sveinsson

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson